

## Uppsögn á samningi um félagsþjónustu

**Til** : Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>  
**Frá** : Stefán Broddi Guðjónsson <stefan.gudjonsson@borgarbyggd.is>  
**CC** : Hlöðver Gunnarsson <hlodver.gunnarsson@borgarbyggd.is>; Inga Vildis Bjarnadóttir <vildis@borgarbyggd.is>; Guðveig Eyglóardóttir <Gudveig.Eygloardottir@borgarbyggd.is>  
**Heiti** : Uppsögn á samningi um félagsþjónustu  
**Málsnúmer** : 2207024  
**Málsaðili** : Borgarbyggð  
**Skráð dags** : 28.07.2022 14:28:42  
**Höfundur** : Stefán Broddi Guðjónsson <stefan.gudjonsson@borgarbyggd.is>  
**Viðhengi** [image001.png](#)

Heill og sæll Kristján

Nú reikna ég ekki með að þessi póstur komi þér á óvart, en ég veit að Hlöðver, sviðstjóri fjölskyldusviðs, hefur verið í sambandi og haldið ykkur upplýstum.

Hér að neðan er bókun frá 602. fundi byggðarráðs Borgarbyggðar dags. 14. júlí 2022 en byggðarráð fer með fullnaðarafgreiðsluvald fyrir sveitarstjórn nú í sumar.

Hér með er því samningi Borgarbyggðar og Dalabyggðar frá 2019 um félagsþjónustu, þjónustu í barnaverndarmálum og málefnum fatlaðra sagt upp. Miðað er við að Borgarbyggð hætti að þjónusta félagsþjónustu fyrir Dalabyggð frá og með 1.janúar 2023.

Í samræmi við bókunina upplýsi ég að Borgarbyggð er tilbúið að hefja samningaviðræður um nýjan samning á öðrum forsendum.

Að neðan er umrædd bókun. Í cc set ég Hlöðver Gunnarsson sviðstjóra fjölskyldusviðs, Ingu Vildísi Bjarnadóttur félagsmálastjóra í Borgarbyggð og Guðveigu Eyglóardóttur formann velferðarnefndar Borgarbyggðar.

Vinsamlegast staðfestið móttöku

### **„1904094 - Samningur um félagsþjónustu, þjónustu í barnaverndarmálum og málefnum fatlaðra**

*Afgreiðsla 127. fundar velferðarnefndar Borgarbyggðar: "Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og félagsmálastjóri kynntu minnisblað um þjónustusamning milli Dalabyggðar og Borgarbyggðar. Fyrsti samningur um þjónustu Borgarbyggðar við Dalabyggð um þessa þætti var gerður árið 2006. Hann hefur verið endurskoðaður tvisvar síðan og byggir þjónustan nú á samningi frá árinu 2019. Mikil breyting hefur orðið á skyldum sveitarfélaga undanfarin á út frá breyttum áherslum og breytingum á lögum. Þannig hefur*

*orðið aukning í flestum þjónustuáttum sveitarfélaganna sem heyra undir samninginn. Út frá núverandi stöðu í málaflökkun og aðstæðum á fjölskyldusviði Borgarbyggðar leggur velferðarnefnd til við byggðaráð að samningurinn verði ekki endurnýjaður á núverandi grunni en Dalabyggð verði boðið til viðræðna um nýjan samning sem byggir á tillögu 2 sem kynnt er í minnisblaði. Tillagan felur í sér áframhaldandi samstarf um ákveðna þætti á breyttum forsendum."*

Byggðarráð sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar samþykkir að segja upp núgildandi samningi við Dalabyggð um félagsþjónustu frá og með 1. janúar 2023 og sveitarfélagið hætti að þjónusta félagsþjónustu fyrir Dalabyggð frá þeirri dagsetningu. Sveitarstjóra er falið að bjóða Dalabyggð til viðræðna um nýjan samning á öðrum forsendum.“

Kær kveðja

Stefán Broddi

**Bestu kveðjur / Best regards**



Stefán Broddi Guðjónsson

Sveitarstjóri Borgarbyggðar

+354 433-7100

+354 856-6959

[stefan.gudjonsson@borgarbyggd.is](mailto:stefan.gudjonsson@borgarbyggd.is) / [www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is)

[www.facebook.com/borgarbyggd](https://www.facebook.com/borgarbyggd)

-

[www.borgarbyggd.is/is/fyrirvari](http://www.borgarbyggd.is/is/fyrirvari)